

Hjörtur Pálsson, þýðandi, Íslandi, fær norræn þýðingarverðlaun ársins 2015

2015 er fjórða árið sem úthlutað er þýðingarverðlaunum Letterstedtska félagsins úr nyhlénsku gjöfinni. Verðlaunin nema 50.000 sænskum krónum. Þau eru viðurkenning fyrir þýðingar milli norrænu málanna á bókmennta- eða ritverkum eða á verkum þýðandans yfirleitt. Verðlaunin eru til komin vegna gjafafjár, sem Letterstedtska félagsins hlaut frá fyrrverandi lektor í þýsku við Stokkhólmsháskóla Lars-Olof Nyhlén og konu hans Marthe, í Hässelby.

Hirti Pálssyni, rithöfundu, skáldi, þýðanda, guðfræðingi og útvarpsmanni, Íslandi, hafa verið veitt norrænu þýðingarverðlaunin úr nyhlénsku gjöfinni árið 2015.

Greinargerð stjórnarinnar:

„Hjörtur Pálsson, Íslandi, hefur þýtt dönsk, færeysk, grænensk (úr dönsku), finnsk, norsk og sænsk ritverk og ljóð á íslensku, einnig úr fleiri evrópumálum. Hann hefur þá sérstöðu að hafa þýtt á íslensku úr öllum norrænu málunum nema grænensku og samisku. Verk hans hafa átt stóran þátt í að útbreiða norrænar bókmenntir á Íslandi.

Hjörtur Pálsson er fæddur á norðurlandi og búsettur í Kópavogi. Á yngri árum tók hann cand. mag. próf í íslensku við Háskóla Íslands og nam þar síðar finnsku. Síðar tók hann upp háskólanám á ný og lauk þá cand. theol-prófi. Á námsárunum vann hann sem blaðamaður og bókavörður. Að námi loknu var hann um tólf ára skeið dagskrárstjóri ríkisútvarpsins. Síðustu 30 árin hefur Hjörtur fengist við ritstörf, þýðingar, yfirlestur og dagskrárgerð. Meðal þeirra höfunda sem hann hefur þýtt verk eftir á íslensku má nefna Karen Blixen, Edith Södergran, Tua Forsström, Rolf Jacobsen, August Strindberg, Karin Boye, Nils Ferlin, Pär Lagerkvist, Tomas Tranströmer og Per Olov Enquist. Hann hefur einnig lengstan hluta ævi sinnar tekið virkan þátt í norrænu menningarsamstarfi. Hann varð árið 1984 fyrsti forstöðumaður Norræna hússins í Færeyjum, var formaður í faginu Suomi á Íslandi og sat lengi í stjórn Norræna félagsins á Íslandi.

Norrænu þýðingarverðlaun Letterstedtska félagsins úr nyhlénsku gjöfinni 2015 munu verða afhent síðar á árinu.

www.letterstedtska.org